



Þann 10. maí 2005 var haldinn aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands í húsi SASS á Selfossi. Hófst fundurinn kl. 10:30

Dagskrá:

Formaður stjórnar Einar Njálsson setti fund og tilnefndi Gunnar Þorgeirsson sem fundarstjóra og Guðmund Stefánsson sem fundarritara. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar.

Einar Njálsson flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir störfum hennar. Hann skýrði stöðuna á svæðinu í Kirkjuferjuháleigu og samninginn við Sveitarfélagið Ölfus 3. nóv. sl. um lok urðunar. Vinnu við deiliskipulag svæðisins er lokið og er í afgreiðslu.

Samstarf hefur tekist með sorpsamlögum á Suður- og Vesturlandi um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Aftur er farið að urða sláturúrgang eftir að rekstri kjötmjölsverksmiðju hefur verið hætt. Kb banki vill ekki selja verksmiðjuna á rekstrarhæfu verði.

Samstarfi við SASS um framkvæmdastjóra var hætt sl. ár og Guðmundur Tryggvi Ólafsson ráðinn framkvæmdastjóri. Í gangi er skoðun og undirbúningur að uppsetningu og staðsetningu urðunar- og vinnslusvæðis.

Ingunn Guðmundsdóttir spurði um lokun í Kirkjuferjuháleigu og nýjan stað. Einar svaraði.

2. Ársreikningur 2004.

Guðmundur T. Ólafsson flutti og skýrði reikninga sorpstöðvarinnar fyrir árið 2004.

Rekstrartekjur voru	72,0 milljónir
Rekstrargjöld voru	56,0 milljónir
Hagnaðaður fyrir fjárm.	16,0 milljónir
Hagnaður eftir fjárm.	16,5 milljónir

Skuldir í árslok	11,5 milljónir
Eigið fé	104,0 milljónir
Skuldir og eigið fé	115,5 milljónir
Handbært fé frá rekstri	9,5 milljónir
Handbært fé í árslok	27,0 milljónir

Guðmundur Ingi spurði um útistandandi kröfur. Guðmundur Tryggvi svaraði.

Umræður urðu um stofnkostnað á nýju urðunar- og úrvinnslusvæði og meðferð sláturúrgangs í ljósi lokunar kjötmjölsverksmiðjunnar..

Reikningar voru síðan bornir upp og samþykktir.

3. Gjaldskrá 2005.

Gjaldskrá fyrir 2005 var samþykkt en þar er um að ræða 3,5% hækkun frá fyrra ári

4. Fjárhagsáætlun 2005.

Guðmundur Tryggvi skýrði fjárhagsáætlun fyrir árið 2005

Rekstrartekjur áætlaðar	70,0 milljónir
Rekstrargjöld áætluð	66,0 milljónir
Hagnaður áætlaður	4,0 milljónir

Áætlunin samþykkt samhljóða.

5. Kosningar.

Tillaga kom fram um óbreytta stjórn:

Einar Njálsson, Árborg
 Ágúst Ingi Ólafsson, Sorpstöð Rangæinga
 Orri Hlöðversson, Hveragerðisbæ

og til vara:

Ingunn Guðmundsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
 Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sorpstöð Rangæinga
 Guðmundur Stefánsson, Hraungerðishreppi

og skoðunarmenn:

Bjarki Reynisson, Villingaholtshreppi
 Ragnar Sær Ragnarsson, Bláskógabyggð

Tillagan samþykkt.

6. Önnur mál.

Guðmundur Ingi ræddi sláturúrgangsmál og fyrirhugaða moltugerð úr því efni. Guðmundur Tryggvi skýrði hvernig þessum málum sé háttað í Evrópu.

Ingunn Guðmundsdóttir spurði um förgun rúlluplasts og skil á úrvinnslugjaldi.

Guðmundur Tryggvi fór yfir málið, en núverandi reglur eru ekki að virka. Nokkrar umræður urðu um málið.

Einar Njálsson þakkaði fyrir samstarfið og áframhaldandi traust.

Guðmundur Stefánsson
Einar Njálsson
Már Ólafsson
Orri Hlöðversson
Margeir Ingólfsson
Sigurður Ingi Jóhannsson

Gunnar Þorgeirsson
Guðmundur Tryggvi Ólafsson
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson
Gylfi Þorkelsson
Ingunn Guðmundsdóttir
Arnar Árnason